

**Nd.**

**369. Álit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um skipun dýralækna á Íslandi nr. 22, 2. október 1891.

Frá minni hluta Landbúnaðarnefndar.

Tildrögin til þess að frumvarp þetta hefur komið fram eru þau, að ráðherra tilkynnti Landbúnaðarnefndinni, að nú væri einn af þeim dýralæknisnemendum, sem notið hefir styrks af landssjóði fullnuma og fús til þess að setjast hjer að, ef nýtt embætti væri stofnað með hæfilegum launum.

Fljótt á að líta virðist það sjálfsagt, að missa eigi af manni þessum. Alþingi hefir um langan tíma veitt fje, til þess að menn gætu lært dýralækningar og auðvitað i þeim eina tilgangi að nota menn þessa að afloknu námi. Annars hefði styrkurinn verið meiningarlíttill. Þá er það og ómótmælanlegt, að ýmsir

kvillar á búfjænaði vorum valda árlega svo stórfeldu tjóni, að sjálfsagt er að leitast við á allan hátt að draga úr því, ef þess væri kostur.

Minni hlutanum er þetta fyllilega ljóst; að eins telur hann engin líkindi til að úr þessi verði bætt að svo stöddu með fjölgun dýralækna og er henni því mótfallinn.

Jeg vil þá fyrst drepa stuttlega á *námsstyrkinn til dýralækna*. Hann hefir staðið í öllum fjárlögnum frá 1892, og alls verið veittar rúmar 24,000 kr. í þessu augnamiði.

Hvað það var, sem vakti fyrir mönnum, er dýralæknaögin voru samin og styrkur þessi var í fyrstu veittur, sjest ljóslega á umræðunum á þingi 1891 og álitum nefndanna, er um málið fjölluðu. Fyrst og fremst þjuggust menn við að dýralæknar gætu gefið oss þau ráð, er dygðu við allskonar farsóttum og faraldri á búpeningi, sjerstaklega bráðapest. Þá vildu menn og tryggja á þennan hátt útflutning á lifandi fje til Englands, og að lokum ætluðust menn til að dýralæknar kendu mönnum ýmsa aðra hluti, t. d. meðferð fjár á vetrum, kynbætur og jafnvel óflun og meðferð heyja. Ef þessar miklu vonir um störf dýralækna hefðu verið á góðum rökum bygðar, var sist að undra þó menn teldu þetta mikið nauðsynjamál og væru fúsir til að veita fje til þess.

Nú verður tæpast móti því borið, að þessar skoðanir voru sprotnar að miklu leyti af vanþekkingu einni, sem var eðlileg á þeim tímum, en hafa ekki lengur gildi.

Jeg skal þá fyrst minnst á það, sem mestu máli skiftir, *farsóttirnar*. Það eru þær, sem öllu fremur valda landinu stórfelds tjóns, nálega á hverju ári. Að mestu leyti má miða notin, sem almenningur hefir af dýralæknum, við það, hvort þeir geta ráðið bót á þeim eða ekki.

Eftir því sem Magnús Einarsson dýralæknir skýrði nefndinni frá, eru þeir dýrasjúkdómar, sem valda landinu stórfelds skaða, þessir:

1. Bráðapest.
2. Ormaveiki (lungnaormar og innyflaormar).
3. Fjárkláði.
4. Lambasýki (skjögur, »hjärtveiki«).
5. Doði í kúm.

Hvað *bráðapest* og *döða* snertir, þá hafa erlendir vísindamenn fundið mikilsvarðandi lækningaðferð við báðum þessum kvillum, og alþýða hefir lært að hagnýta þessa þekkingu. Bæði verður því alls ekki komið við, að láta dýralækna bólusetja fje eða lækna döða í kúm, enda hefir reynslan sýnt að bændum hefir farist þetta vel úr hendi. Jeg get ekki sjeð að fjölgun dýralækna hafi nein áhrif á þessa kvilla.

Um *fjárkláða* er líkt að segja. Öllum fjölda bænda hefir verið kent að þekkja kláða og við honum hafa fundist óyggjandi læknislyf. Að honum hefir ekki verið algerlega útrýmt úr landinu er engu öðru að kenna en tómlæti og hirðuleysi alþýðu. Þó reynt væri á ný að gera útrýmingarboðun, þá höfum vjer færa menn til þess að hafa umsjón með henni, þar sem þeir eru Magnús Einarsson og Sigurður Einarsson dýralæknar.

Við *ormaveiki* í lungum og innyflum þekkist, enn sem komið er, engin lækning og engin vörn, er að haldi komi, að því mjer er kunnugt. Þetta kann að breytast, en eflaust verður þar eingöngu að treysta á erlenda vísindamenn, engu

siður en með bráðasóttina. Hjer á landi eru engin tæki til þeirra rannsókna, er að slíkum hlutum lúta, og engin líkindi til að almennir dýralæknar sjeu vísindalegu rannsóknastarfi vaxnir. Lítil von hefði verið um þetta, ef stofnað hefði verið dósentembætti í sóttkveikjufræði við háskólann, en engin að svo stöddu, úr því það fjell.

Um *lambasýki* er að nokkru leyti sama að segja. Hjartveiki lamba mun lítt þektur kvilli og engin ráð kunn við honum. Skjögur, sem orsakast af fjörubeit, má fyrirbyggja með því, að ærnar gangi ekki of lengi í fjörum, að því reyndir menn hafa sagt mjer. Jeg sje því ekki nein líkindi til þess, að fjölgun dýralækna muni nein veruleg áhrif hafa á ormaveiki eða lambasýki.

Jeg hefi þá farið fám orðum um algengustu fjenaðarkvillana, sem mestum skaða valda. Um engan þeirra verður sagt, að von sje til að draga úr honum að mun eða losna við hann, þó einn eða tveir dýralæknar bættust við í landinu. Jeg efast um að nokkur sjerfróður maður þori að fullyrða, að líkindi sjeu til þess.

Aftur ma það með sanni segja, að dýralæknar vorir, sjerstaklega Magnús Einarsson, sem lengst hefir starfað hjer, hafa gert oss mjög mikið gagn með því að kenna lækningu á bráðapest og doða. Vegna þess að vjer höfum haft vel mentaðan dýralækni í landinu, höfum vjer getað fylgst með því, sem uppgötvast í þessum fræðum og nýtilegt reynist. Auk þess sem landsstjórnin á kost á að leita álights sjerfróðs manns, er þörf er á því. Oss er það afar nauðsynlegt, að geta fylgst með öllum nýjum uppgötvunum í dýralækningum og að geta hagnýtt oss þær, sem eiga hjer við, en *til þessa er nóg að eiga einn eða tvo vel mentaða dýralækna*. Vjer verðum að engu leyti betur settir í þessu efni, þó dýralæknarnir væru t. d. fjórir, og vísindalegar rannsóknir getum vjer ekki heimtað af dýralæknum vorum; síst að þeir uppgötvi ráð og lækningar við þeim sóttum, sem erlendum vísindmönnum með öllum þeim áhöldum, sjermentun og æfingu, tekst ekki að ráða bót á. Reynslan hefir og sýnt, að dýralæknar vorir hafa *ekki* getað ráðið bót á ormaveiki, þó þeirra hafi verið leitað, ekki svo að verulegu haldi hafi komið, og hafa þó sóttir þessar gert afarmikið tjón í mörgum sveitum.

Nú má segja, að þótt dýralæknir geti ekki orðið að liði í þessum skæðu sóttum, þá sje dagleg hjálp við ýmsum smærri kvillum, sjerstaklega á kúm og hestum mikils virði, t. d. meiðslum hesta o. fl. Jeg efast ekki um, að oft og einatt komi hún að ágætu gagni, en yfirleitt eru húsdýr vor flest í svo lágu verði, að hjer stendur öðruvísi á en erlendis. Auðvitað væri það mannúðarlegast og æskilegast að vitja mætti læknis til allra sjúkra dýra, en ef þessari kröfu skal fullnægt, verðum vjer að hafa *ekki færri dýralækna en hjeraðslæknar eru nú*. Jeg þykist aftur viss um að slíkur kostnaður *borgi sig alls ekki*. Nú mun svo vera í flestum sveitum, að vól er á laghentum, nærfærum manni, sem sæmilega getur gert við meiðsl á hestum og þvíuml. Þá eru og tvær dýralækningabækur að koma út, sem geta orðið þeim mönnum til mikillar leiðbeiningar. Nauðsynlegustu lækningaáhöld ættu dýralæknar vorir að útvega bændum.

*Kynbætur* húsdýra hafa ekki staðið undir umsjón dýralækna vorra til þessa, heldur ráðunauta Búnaðarfelags Íslands. Jeg býst við, að þetta verði svo framvegis, og sje í rjettu horfi.

*Útflutningur* á lifandi fje er nú lítill sem enginn og alt öðruvísi ástatt en 1891. Jeg sje því ekki að hann sje veruleg ástæða til þess að fjölga dýralæknum. Heyrst hefir að, ef til vill, taki útlendingar að krefjast þess, að alt sláturfje,

sem ætlað er til útflutnings, sje skoðað af dýralækni. Mjer þykir þetta afar ólíklegt, bæði sökum þess, að sauðfje vort hefir ekki, svo mjer sje kunnugt, þá kvilla, sem veruleg hætta stafi af fyrir þá, sem neyta kjötsins, og auk þess drepast flestar sóttkveikjur í saltþækli, en þar á ofnn bætist, að saltkjöt er tæpast etið öðruvísi en soðið, og eru þá líkindin litil að bæði sleppi sóttkveikjur lifandi úr langri geymslu í salti og síðan suðu. Jeg held því að slíkt útflutningsbann sje grýla ein, sem ekki sje verulega að óttast, að minsta kosti geti löggjöfin ekki að svo stöddu tekið tillit til þessa.

Að dýralæknar kenni mönnum *hirðingu sauðfjör, öflun heyja* o. s. frv., býst jeg við, að fáir vænti nú. Ekki man jeg að dýralæknar vorir hafi látið sjerstaslega til sín taka í þessum efnun, enda finst mjer að þess sje tæplega væntandi.

Jeg hef nú leitast við að sýna fram á, að hugmyndir manna um 1891, er dýralæknisembættin voru stofnuð, og farið að veita styrk til dýralæknanáms, voru að mörgu leyti þokukendar og studdust við litla þekkingu. Eigi að síður var stofnun þessara tveggja embætta, er vjer nú höfum, viturleg og helir margborgað sig. Vjer þurfum nauðsynlega að eiga einn eða tvo menn í landinu, er fylgdust með í þessari fræðigreini, og leiðbeindu oss að hagnýta þær uppgötvanir, sem erlendis eru gerðar. Úr þessari miklu nauðsyn er fyllilega bætt, ef vjer höfum einn eða tvo dugandi dýralækna á landinu, ekki síst ef þeir gera sitt til að útbreiða þekkingu á dýrakvillum meðal almennings, og helstu læknisráðum við þeim, sem alþýðu mættu að gagni koma.

Áður en farið er að fjölga dýralæknum, þurfum vjer að hugsa þetta mál rækilega, því *hjer er ekki að ræða um stofnun eins embættis eða tveggja, heldur að minsta kosti 10—20*. Þeir dýralæknar, sem vjer höfum, eru í raun og veru landsdýralæknar, en ef stofna skal embætti fyrir hjeraðs-dýralækna, skal enginn ætla, að numið verði staðar við fjórðungs-dýralækna. Húnavatnssýsla er t. d. mikil landbúnaðarsveit og skepnueign bænda meiri en víðast annarsstaðar á landinu. Ekki geta Húnvetningar sótt dýralækni til Akureyrar, ekki Skagfirðingar, fæstir Þingeyingar. *Fjölgun dýralækna leiðir óhjákvæmilega til þess, að stofna dýralækni-embætti í öllum sýslum, sem aðallega stunda landbúnað*. Þetta held jeg að sje algerlega röng stefna, eftir því sem hagar til hjá oss, og þess vegna er jeg sannfærður um, að fjölgun dýralækna er varasöm villigata, sem kostar landið með tímanum ekki minna en 50,000 kr. á hverju ári, án þess að verulegt gagn komi í aðra hönd, fram yfir það, sem fæst með því skipulagi sem nú er.

Jeg hefi að lokum heyrt þá mótbáru, að sömu ástæður, sem jeg hef fært gegn fjölgun dýralækna, megi að sjálfsgöðu færa gegn því að hafa yfirleitt lækna í landinu. Ef enginn munur væri á mönnum og búfje, á sjúkdómum manna og dýra, þá væri þetta rjett, en nú er hjer um ærinn mismun að ræða, sem veldur því, að þessi mótbára er einskis virði og sleppi jeg því að færa frekari ástæður gegn henni.

Alþingi 16. ágúst 1915.

Guðm. Hannesson.